

Júdósamband Íslands

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Engjaveg 6, ~ 104 Reykjavík

Sími:514-4058 - 514-4000 Fax:514-4001 Netfang: jsi@judo.is



ÁRÍÐANDI TILKYNNING

Mikið hefur verið um að keppendur sem skráðir eru til leiks mæta ekki til keppni. Það hefur í för með sér að verðlaunapeningum sem útbúnir hafa verið ónýttast og skiptir sá kostnaður tugþúsundum á hverju ári.

Stjórn JSÍ hefur því ákveðið að taka fastar á skráningum, vigtunarmálum og greiðslu þáttökugjalda.

1. Aðeins er tekið við skráningum frá Júdófélögum/deildum ekki einstaklingum. Þeir sem ætla sér að keppa þurfa því að skrá sig í gegnum sitt félag.
2. Keppnisgjald skal greiða við skráningu eða í síðasta lagi í vigtun.
3. Árgjald til JSÍ vegna keppnistímabilsins september til september ár hvert þarf að greiða í upphafi hvers tímabils eða í síðasta lagi við þáttöku í fyrsta viðburði á vegum JSÍ eins og móti eða beltaprófi. Þetta árgjald er meðal annars vegna beltaprófa ofangreinds keppnistímabils.
4. Þeir sem mæta ekki í vigtun á auglýstum vigtunartíma verða teknir af keppendalista og það sama á við um þá sem eiga ógreidd keppnisgjöld og eða árgjald til JSÍ.
5. Júdófélag/deild keppanda sem skráður er til leiks en mætir ekki verður krafist um greiðslu þáttökugjalda vegna hans.
6. Þar sem JSÍ er ekki með posa þarf að greiða með peningum ekki korti.